

Nefndasvið Alþingis
Kirkjustræti
101 Reykjavík

b.t. nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 6.11.2023.

Efni: Umsögn Rithöfundasambands Íslands um mál 50 á 154. löggjafarþingi, frumvarp um brottfall laga um heiðurslaun listamanna, nr. 66/2012.

Rithöfundasamband Íslands þakkar fyrir tækifærið til að segja álit sitt á því frumvarpi sem hér um ræðir.

Hægt er að hafa ýmsar skoðanir á því kerfi sem löggjafinn hefur smíðað um heiðurslaun listamanna en ljóst er að það er bútasumur sem orðið hefur til með samspili hefða, góðs vilja þingmanna í gegnum tíðina, pólitískra bitlinga og skorts á eftirlaunum listamanna. Ljóst er að mikill fjöldi listamanna sem nú eru komnir á sín eftir ár hefur lítið að sækja í hefðbundna lífeyrissjóði enda hafa flestir sjálfstætt starfandi listamann örþjóðar fremur lágar ævitekjur. Það er því full ástæða að veita listamönnum sem skilað hafa farsælu ævistarfi heiðurslaun áfram, bæði til að sýna þeim þann heiður sem þeir eiga skilið og hífa upp tekjur þeirra. RSÍ bendir á að þótt heiðurslaun listamanna séu settir fram sem menningarstyrkir þá fari verulegur hluti þeirra í að niðurgreiða bætur almannatrygginga sem skerðast á móti í flestum tilfellum. Sú upphæð sem ríkið ver í heiðurslaun listamanna sparar ríkinu fé annars staðar í kerfinu.

RSÍ harmar það viðhorf til margra af merkustu listamanna þjóðarinnar sem endurspeglast í frumvarpinu þar sem segir að heiðurslaun listamanna skili ekki neinum samfélagslegum ávinningi. Íslenskir listamenn hafa, fyrr og nú, skilað samfélaginu gríðarlegum ávinningi með störfum sínum og verkum sem oft lifa mun lengur en skapararnir, og halda áfram að vekja okkur, gleðja og skapa samhyggð. Fyrir slíkt ber að þakka og ein leið til þess er veitinga heiðurslauna listamanna.

Rithöfundasamband Íslands mælir því gegn því að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,
Margrét Tryggvadóttir
formaður Rithöfundasambands Íslands